


beurer Undirteppi UB 83 / UB 86 XXL



UB 83

150 x 80 cm

Rafmagnsnotkun 60 W

UB 86 XXL

150 x 160 cm

Rafmagnsnotkun 2 x 60 W

Hitateppin eru framleidd af BEURER í Þýskalandi sem hefur yfir 80 ára reynslu í framleiðslu á hitateppum og hitapúðum. Beurer vörur hafa verið í notkun á Íslandi í tugi ára og reynst frábærlega í alla staði. Með rétttri notkun mun hitateppið endast um ókomin ár. Eftirfarandi eru nokkrar ábendingar um meðferð teppanna sem rétt er að hafa í huga. Geymið leiðbeiningarnar til seinni tíma.



Lesið leiðbeiningarnar vandlega



Stingið ekki nálum í teppin



Notið teppin EKKI samanbrotin



Ekki fyrir börn yngri en 3ja ára



VIÐVÖRUN; Fylgið öllum viðvörunar ábendingum í leiðbeiningunum svo og upplýsingatáknum



Má aðeins þvo í 30° heitu vatni



Ekki má nota blævatn



Ekki þurrka í þurrkara



Ekki má strauja hitateppin



Ekki senda þau í hreinsun



Öll ofin efni í þessum teppum uppfylla skilyrði Öko-Tex 100 staðlanna

Lesið notkunarleiðbeiningarnar vandlega

- Hitateppið má ekki nota á aðila sem finna lítið fyrir hita né á aðila sem ekki geta brugðist við hita. Teppíð má alls ekki nota á börn yngri en 3ja ára og aðeins á börn á aldrinum 3-8 ára undir ströngu eftirliti fullorðinna.
- Börn eiga ekki að leika sér með hitateppið
- Hitateppið er ekki til notkunar á sjúkrahúsum
- Stingið aldrei nálum eða nælum í teppið
- Notið hitateppið aldrei samanbrotið
- Notið teppið aldrei þegar það er rakt t.d. eftir þvott. Rofi og kló mega aldrei koma í snertingu við vatn.


- Ekki toga, snúa upp á, eða brjóta saman rafmagnssnúruna
- Ekki má nota teppið á ósjálfbjarga einstaklinga, ungabörn eða þá sem skynja illa hita.
- Raf og segulsvið sem koma frá þessum teppum gætu e.t.v. haft áhrif á gangráða. Þessi áhrif eru þó langt fyrir neðan leyfileg mörk. Styrkur rafsviðs; hámark 5000 V/m, styrkur segulsviðs; hámark 80 A/m, þéttleiki segulflæðis; hámark 0,1 millitesla. Hafið samband við lækni eða umboðsaðila gangráðarins áður en þið notið hitateppið að staðaldri.
- Vinsamlegast veitið athygli leiðbeiningum um hreinsun.
- Aftengið teppið og komið því í geymslu á þurrum stað þegar það er ekki í notkun.
- Hitateppið má aldrei nota samanbrotið, kuðlað eða rakt. Það má ekki fella það undir rúmdýnu og það má heldur ekki næla teppið við rúmdýnuna.
- Hindrið að krumpur eða brot myndist í teppinu.
- Skoðið hitateppið reglulega að utanverðu m.t.t. slits og skemmda. Ef slíkt kemur í ljós skal láta fagmann yfirfara það. Viðgerð sem er ranglega útfærð getur orsakað umtalsverða hættu fyrir notandann.
- Ef snúran eða rofinn bila verður að senda teppið til umboðsaðilans þar sem stundum er nauðsynlegt að nota sérhæfð verkfæri til viðgerðanna.
- Á meðan kveikt er á hitateppinu má alls ekki A) leggja tösku eða þvottakörfu ofan á teppið og B) ekki leggja hitaflösku, hitapúða eða annað slíkt ofan á teppið.
- Elektrónísku hlutirnir í rofa teppisins hitna lítilega við notkun og þess vegna þarf að aðgæta að rofinn sé ekki hulinn eða liggi á sjálfu hitateppinu þegar það er í notkun.
- Ef ykkur vantar frekari upplýsingar biðjum við ykkur að hafa samband við umboðsaðilann eða þjónustu hans.

1. Hvað fylgir með hitateppinu

- 1 hitateppi
- 1 Rofi
- 1 Leiðbeiningar

1.1. Lýsing á rofanum

- 1. Rofi
- 2. Skjár
- 3. Takki til að stilla hitann fyrir efri líkama
- 4. Takki til að stilla hvenær teppið á að slökkva á sér
- 5. Takki til að stilla hitann fyrir fótasvæðið
- 6. Rofi KVEIKT / SLÖKKT
- 7. Takki til að sýna kWh
- 8. Tengistykki á snúru



Notkun

Breiðið hitateppið á rúmdýnu og látið það ná til enda fótamegin í rúminu. Breiðið síðan lakið yfir á venjulegan hátt þannig að hitateppið sé á milli dýnnunar og laksins. Tryggið að hitateppið liggi ávallt slétt og að það krumpist eða vöðlist ekki við notkun. Vinsamlegast farið yfir þetta í hvert sinn sem þið búið um rúmið.

Kveikið á aðalrofanum (6) sem er á hliðinni og rennið honum yfir á EIN (I). Við það kviknar á skjánum (2) og á næstu sekúndum fer fram sjálfprófun á tækinu. Næst sýnir skjáinn eftirtaldar grunnstillingar:


Hitasvæðið fyrir efri líkamann; 0

Hitasvæðið fyrir fótasvæðið; 0

Slekkur sjálfkrafa á sér; 1h (= 1 kl.)

Athugið: Til að lýsingin á skjánum trufli ekki minnkar ljósmagnið á skjánum eftir u.þ.b. 5 sekúndur.

Athugið: Þessi hitateppi eru með hraðhitun sem gerir það að verkum að teppin hitna á fyrstu 15 mínútunum. Á meðan hún er í gangi blikkar orðið „Turbo“ á skjánum. Ef kviknar og slökkvar á þessu orði inn á milli þá er það bara af öryggisástæðum sem teppið kveikir og slekkur á sér við hraðhitunina.



Hitastilling

Ýtið á takka (3) til að stilla hitastigið fyrir efri líkamann

Ýtið á takka (5) til að stilla hitastigið fyrir fótasvæðið.

Prep 0: slökkt

Prep 1: lágmarkshiti

Prep 2-8: hiti að eigin vali

Prep 9: hámarkshiti

Athugið: Stillið þrepin í þessari röð: 0-9-8-7-6-5-4-3-2-1-0-9



Viðvörðun: Ef nota á teppið í nokkrar klukkustundir í einu ráðleggjum við eindregið að stilla hitastigið á lágmarks hita á rofanum.



Athugið: Hitateppið hitnar fljótast með því að stilla það fyrst á hámarks hita. Kveikið á því u.þ.b 30 mínútum áður en þið ætlið að fara að sofa. Leggið sængina ofan á til að hitinn hiti einnig sængina.



Lækkar sjálfkrafa hitann: Hitateppið er með innbyggt sjálfkrafa öryggi. Á hitastillingum 9, 8 og 7 lækkar það sjálfkrafa niður á hitastig 6 eftir að hafa verið 3 tíma í sambandi á þeim stillingum.

Veljið sjálf tímann sem teppið á að slökkva á sér: Með takka 4 getið þið valið eftir hvað marga tíma teppið eigi að slökkva á sér. Þið getið stillt á 1, 2, 3, 4.....eða allt að 12 klukkutíma.

Rofinn framkvæmir stillinguna á þennan hátt: 1h – 12h – 11h – 10h – 9h.....1h -12h 11h (tími í klukkutímum) Skjárin sýnir tíma undir einni klukkustund í mínútum (t.d. 59 Min)

Ef þið viljið kveikja á teppinu aftur eftir að það hefur slökkt á sér, þrýstið þið eingöngu á takkann fyrir hitann í líkamanum (3) eða fótasvæðinu (5)

Þegar þið ætlið svo ekki að nota teppið lengur slökkvið þið á því með því að renna aðalrofanum á AUS (0). Ef þið ætlið ekki að nota teppið í nokkra daga ráðleggjum við ykkur að taka það úr sambandi við rafmagn.

ECO Control: Hitaprepin 1, 2, 3 og 4 eyða mjög litlu rafmagni. Ef þið hafið að auki valið stigin með  Þá kemur „ECO“ táknið fram á skjánum.

kWh táknið: Með því að ýta á takkann „kWh“ (7) getið þið fylgst með rafmagnseyðslunni. Þá sýnir skjárin raunverulega rafmagnsnotkun í kílówattstundum frá því að kveikt var á teppinu síðast.

Athugið að vegna þess hve litlu rafmagni teppin eyða í „ECO“ hitastillingunum, þá getur liðið þó nokkur tími þar til einhver eyðsla sést á skjánum. Ef kveikt er á báðum svæðunum á stillingu 9, líða u.þ.b. 8 mínútur þar til skjárin fer af 0.00 kWh á 0.01 kWh.

Þið náðið fram mjög heilbrigðu svefnandrámslofti með því að hita herbergið ekki um of, en hita rúmið upp áður en þið farið í það.

Hreinsun og umhirða

Áður en þið þvoið eða hreinsið teppið verðið þið fyrst að taka rafmagnssnúruna úr sambandi við tengilinn á teppinu



Aðalrofinn og tengisnúran mega aldrei komast í samband við vatn eða annan vökva.

Notið eingöngu þurran klút til að þrifa hitateppið og rofann. Notið aldrei kemisk hreinsi eða þvottaefni. Litla bletti er væntanlega hægt að fjarlægja með rökum klút sem e.t.v. hefur verið vættur í þvottaefni.

Athugið að EKKI má senda teppið í kemíska hreinsun, ekki vinda það, ekki setja það í þurrkara og ekki má strauja það. Þið megið hins vegar setja það í þvottavél en ekki á hærra hitakerfi en 30°C (Ullarkerfi).

Vinsamlegast athugið að ekki ætti að þvo þessi hitateppi oftar en ca. 5 sinnum á líftíma þess. Sléttið úr teppinu nokkurn veginn í upprunalega stærð og látið það þorna flatt á þurrkgrind.

Notið engar þvottaklemmur eða svipaða hluti til að halda teppinu á þurrkgrindinni – slíkt gæti bara skemmt teppið.

Tengið rafmagnssnúruna ekki við teppið fyrr en það er örugglega orðið gegnum þurrt.

Aldrei má tengja rafmagn við teppið til að þurrka það – Það gæti orsakað rafstuð eða jafnvel íkveikju.

Geymsla: Ef ekki á að nota hitateppið í lengri tíma ráðleggjum við ykkur að geyma það í upprunalegu umbúðunum.

Látið teppið fyrst kólna alveg og gætið þess að engir þungir hlutir liggi ofan á umbúðum teppisins í geymslunni.

Förgun: Vinsamlegast fargið teppinu þegar að því kemur í samræmi við gildandi reglugerðir þar sem því verður fargað. Hendið því ekki með venjulegu heimilissorpi.



Vandamál og lausnir á þeim

Vandamál	Orsök	Lausn
Það kviknar ekki á skjánum	Tengillinn er ekki rétt settur í teppið og/eða ekki kveikt á rofanum	Setjið tengilinn rétt í teppið og kveikið á aðalrofanum
	Öryggiskerfið í teppinu hefur slökkt á því	Komið teppinu til Beurer þjónustuaðilans
„E1“ er á skjánum	Rofinn er ekki rétt tengdur við teppið	1. Slökkvið 2. Tengid við teppið 3. Kveikið aftur

Vinsamlegast athugið að öll viðgerða og ábyrgðapjónusta er hjá umboðsaðilanum:

PFAFF hf
Grensásvegi 13
108 Reykjavík
s: 414-0451
www.pfaff.is